

Lög um dýralækna, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, undirskrifuð af konungi s. d.

Fjárlög fyrir árin 1916 og 1917, undirskrifuð af konungi s. d.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um skilning vörutollslaganna. **119** 24. sept.

Þjer hafð, herra sýslumaður, með brjefi, dags. 2. f. m., óskað úrskurðar um, hvernig beri að tolla tunnur í pörtum — tunnusveiga, tunnubotna, tunnuspons og tunnustafi — og leggið til að þær sjeu tollaðar eftir 2. lið 1. greinar vörutollslaganna.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til eftirbreytni, að stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að tunnusveigar, tunnubotnar og tunnuspons geti ekki fallið undir neinar þær vörutegundir, sem í 1. gr. 1.—5. lið vörutollslaga nr. 30, 22. okt. 1912, greinir, og verði því að telja nefndar vörur tollskyldar samkvæmt 1. gr. 6. lið sömu laga. En tunnustafi ber að tolla eftir 1. gr. 5. lið.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir sjóðinn »Dýrleifar minning«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 27. okt. 1915. **120** 27. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Dýrleifar minning.

Dýrleifar minning er sjóður stofnaður til minningar um mína elskulegu eiginkonu, Dýrleifu Sveinsdóttur, er var fædd 11. maí 1860 á Hóli í Höfðahverfi, dái 2. desbr. 1894 á Skútustöðum í Mývatnssveit.

1. gr.

Stofn sjóðsins er 1000 kr., er leggjast eiga í aðaldeild Söfnunarsjóðs Ís-